

## Fundargerð 31. fundar

Fundur stjórnar Fiskeldissjóðs, 31. fundur.

13. maí 2022. Fundurinn hófst kl. 11:00.

**Fundarstaður: Teams.**

**Fundarmenn: Haraldur L Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Dige Baldursson og Hallveig Ólafsdóttir**

1. Fundargerð 29. og 30. fundar yfirfarnar og bornar upp til samþykktar. Fundargerðir 29. og 30. fundar samþykktar.

2. Farið yfir niðurstöður í matskjali.

Ákveðið var að námunða styrki, þannig að styrkþegar fái heilar tölur m.v. 100 þúsund krónur. Alls bárust 15 umsóknir frá átta sveitarfélögum, samtals að fjárhæð tæplega 438 milljónir króna en framlög á fjárlögum til úthlutunar á árinu 2022 námu 185,1 milljón króna. Stjórn samþykkir matskjalið og námu samþykktar umsóknir samtals um 299,5 milljónum króna. Þar sem ráðstöfunarfé sjóðsins er lægra en sú fjárhæð voru styrkfjárhæðir skertar hlutfallsega í samræmi við forgangsroðun stjórnar. Eftirfarandi níu verkefni frá sex sveitarfélögum hljóta styrk í ár, samtals 185,1 milljónir króna:

- Vatnsveita í Bolungarvík, Bolungarvíkurkaupstaður, 33,4 milljónir kr.
- Endurnýjun vatnslagna í Staðardal, Ísafjarðarbær (framhaldsverkefni), 33,4 milljónir kr.
- Nemendagarðar Háskólaseturs, Ísafjarðarbær, 16 milljónir kr.
- Fráveituf framkvæmdir í Djúpavogi (framhaldsverkefni), Múlaping, 32,4 milljónir kr.
- Smitvarnir, Súðavíkurhreppur, 4,1 milljónir kr.
- Fólki og fyrirtæki til móts við nýja tíma, Tálknafjarðarhreppur, 28,8 milljónir kr.
- Áhaldahús og slökkvistöð á Bíldudal, Vesturbyggð, 22,6 milljónir kr.
- Vatnsöryggi í Vesturbyggð, (framhaldsverkefni), Vesturbyggð, 4,1 milljónir kr.
- Öryggi gangandi vegfarenda Patreksfirði, Vesturbyggð, 10,3 milljónir kr.

3. Yfirfarin drög að svörum til umsækjenda.

Fjallað var um svarbréf til umsækjenda og gerð drög að bréfum.

4. Önnur mál.

Stjórn sjóðsins skoðaði drög að fréttatilkynningu og samþykkti að skoða hana ítarlegar fyrir næsta fund. Stefnt var að því að senda út svarbréf í næstu viku og ákveðið var að boða til fundar 18. maí.

Fundargerð ritaði Hallveig og fundi slitið klukkan 12:00.